

## Sjónarmið um barnaþrælkun – hlutverk

### Hlutverk A: Foreldri nr. 1

Í fyrra hóf elsta barnið mitt, Chris, sem er 13 ára, vinnu við að tína ávexti á bóndabýli. Hann vann á bóndabýlinu í tvo tíma eftir skóla. Nú í ár hætti Chris í skólanum og fór að vinna fullt starf á býlinu. Það að Chris vinnur fullt starf hefur verið stórkostlegur munur fyrir fjölskylduna. Það eru afskaplega fá störf á boðstólum í bænum okkar. Ég hef aldrei farið í skóla eða fengið neina sérstaka þjálfun þannig að launin sem ég fæ eru alltaf lág. Við höfum átt í erfiðleikum með að fá nægar tekjur til þess að fæða og klæða börnin okkar fjögur, jafnvel þó við höfum bæði unnið þegar við getum. Nú þegar Chris kemur heim með smá peninga á hverjum degi getum við keypt meiri mat, ný föt eða lyf ef eitthvert barnanna veikist.

Chris hefur krafta á við fullorðna manneskju og er fullfær um að vinna allan daginn. Þar að auki finnst mér að börnin eigi að hjálpa til við framfleyta fjölskyldunni líkt og þau hafa alltaf gert í samfélaginu sem við búum í. Mér finnst ábyrgðarkennd Chris til fyrirmyndar og ég vona að öll börnin mín muni verða eins vinnusöm og áreiðanleg þegar þau vaxa úr grasi.

### Hlutverk B: Félagsráðgjafi

Ég hef miklar áhyggjur af Chris sem hóf hlutastarf við ávaxtatínslu á bóndabýli aðeins 12 ára. Chris hefur hætt í skólanum og er nú aðeins 13 ára í fullri vinnu. Vinnan er gífurlega erfið. Mikil þreytumerki sjást á Chris og mikil bólga og særindi eru hlaupin í hægri öxlina. Ég myndi vilja senda Chris til læknis sem getur sagt til um hvaða langtímaáhrif þessi erfiðisvinna hefur á heilsu barna eins og Chris.

Mín skoðun er sú að Chris ætti að vera í skóla með öðrum börnum á sama aldri. Chris hefur engan tíma til þess að hvíla sig eða taka þátt í æskulýðsstarfi eða leikjum með öðrum krökkum í nágrenninu. Hvíld, leikur og samvera með jafnöldrum er mikilvægur hluti af þroskaferlinu. Ekkert barn á aldur við Chris ætti að vinna með fullorðnu fólki allan daginn. Margir af verkamönnunum á býlinu reykja, drekka og sumir gætu jafnvel verið fíkniefnaneytendur. Chris hefur ekki nægan þroska til þess að gera sér fyllilega grein fyrir hættunni sem fylgir slíku lífverni.

## Sjónarmið um barnaþrælkun – hlutverk

### Hlutverk C: Barnið

Ég heiti Chris. Ég byrjaði í skóla þegar ég var 6 ára. Þegar ég var 12 ára byrjaði ég að tína ávexti á bóndabýli. Ég vann þar eftir skóla og alveg þangað til fór að rökkva. Ég vann þessa vinnu vegna þess að mömmu og pabba vantaði meiri peninga til þess að kaupa mat handa fjölskyldunni.

Nú er ég 13 ára og er hættur í skólanum. Ég vinn fulla vinnu á bóndabýlinu. Mér líkar betur að vinna heldur en að vera í skóla. Mér leiddist í skólanum. Ég skildi aldrei af hverju við þurftum að læra þessa hluti sem verið var að kenna okkur. Ég gat ekki séð hvernig það að læra þessa hluti getur hjálpað mér við að finna vinnu. Mig langaði til þess að fá mér vinnu og starfa í hinum raunverulega heimi, ekki bara að sitja í skólastofu allan daginn.

Mér líkar vel við fólkið sem ég vinn með á býlinu jafnvel þó það sé eldra en ég. Ég læri heilmikið af því að tala við það. Ég byrja að vinna klukkan sex á morgnana, tek mér eitt hádegishlé og vinn svo þar til byrjar að dimma. Þá tek ég alla ávextina sem ég hef tínt og læt vigta þá. Ég fæ greitt fyrir kílóíð þannig að því meira sem ég tíni því meira fæ ég í laun. Því næst tek ég launin mín heim til foreldra minna og borða kvöldmat. Eftir það fer ég beint í rúmið svo ég sé til í slaginn fyrir næsta dag.

### Hlutverk D: Foreldri nr. 2

Í fyrra hóf elsta barnið mitt, Chris, sem er 13 ára, vinnu við að tína ávexti á bóndabýli. Hann vann á bóndabýlinu í tvo tíma eftir skóla. Nú í ár hætti Chris í skólanum og fór að vinna fullt starf á býlinu.

Ég vil ekki að Chris vinni fullt starf. Það væri betra fyrir okkur öll ef Chris fengi menntun. Allir vita að börn sem klára skólann geta fengið betri störf og meiri tekjur. Ef Chris myndi klára skólann og fá gott starf yrði staða okkar allra betri með þessum auknu tekjum.

Chris fékk mjög góðar einkunnir fyrstu árin sín í skóla þó þær hafi reyndar farið lækkandi í fyrra. En kennararnir sögðu alltaf að Chris gæti orðið frábær nemandi og gæti jafnvel farið í háskóla. Ég hafði vonað að Chris yrði gott fordæmi fyrir yngri börn okkar með því að vinna vel og halda áfram í skóla. Ég vil ekki að yngri börnin fylgi dæmi Chris og hætti í skóla til þess að vinna við ávaxtatíslu. Ég elska börnin mín og ég vil að Chris, og þau öll, eigi bjarta framtíð.